

1. Maí ávarp 2013.

Góðir félagar ég vil byrja á því að óska okkur til hamingju með alþjóðlegan baráttudag verkafólks.

Yfir skrift dagsins í ár er Kaupmáttur-Atvinna og Velferð.

Þessar 3 grunnstoðir eru forsenda þess að fjölskyldur og einstaklingar geti búið við öryggi og geti tryggt sér og sýnum lífsgæði og velferð sem við viljum að allir eigi sjálfsagðan rétt til.

Það vill oft gleymast þegar við tölum um kaup og kjör hvers virði það er að þau laun sem samið er um haldi verðgildi sínu og brenni ekki strax upp á verðbólguháli.

Fyrir 4 árum var verðbólgan hér á landi um 18 % og er nú komin niður í rúm 3 % þessi árangur í efnahagsstjórn hefur skilað launþegum auknum kaupmætti og hefur lækkað skuldir heimilanna.

Það er því eitt mesta hagsmunamál launafólks að ekki fari aftur af stað óðaverðbólga og efnahagsleg óstjórn í landinu og að við höldum áfram að byggja upp stöðugleika heimila og fyrirtækja. Nýjustu tölur Seðlabankans um betri afkomu fyrirtækja í landinu og langtum betri skuldastöðu þeirra gefur tilefni til bjartsýni á að launþegar eigi inni kauphækkunir í næstu

kjarasamningum sem haldi verðgildi sínu og að raunveruleg innistæða sé fyrir þeim og að kaupmáttur haldi áfram að aukast hægt og bítandi.

Atvinna er ein af yfirskriftum dagsins.

Það veit enginn hvað atvinnuöryggi er mikils virði fyrr en hann stendur í þeim sporum að missa vinnuna eða einhver honum nákominn.

Fyrir 4 árum var atvinnuleysi hér á landi 18 % og er nú komið niður í um 5% .

Hér á Vestfjörðum er það mun minna og sumstaðar lítið sem ekkert en það segir heldur ekki alla söguna því tilhneingin er sú að fólk flytji frekar í burtu af svæðinu heldur en að vera hér atvinnulaust lengi.

Við sem búum á landsbyggðinni vitum að atvinnuöryggi og fjölbreyttni í atvinnulífi er ein grunnforsenda þess að hingað flytjist fólk og vilji búa og það að ungt fólk festi hér rætur að námi loknu.

Það er því afar mikilvægt að byggðirnar fái að njóta þeirra auðlinda sem þær hafa byggst upp á og á jafnræðisgrundvelli og nýti sér alla þá vaxtamöguleika sem tækniþróun og öll nýsköpun felur í sér.

Því er það grundvallaratriði að auðlindirnar eins og sjávarauðlindin séu tryggðar sem ævarandi þjóðareign í

stjórnarskrá landsins svo á því leiki enginn vafi að náttúruauðlindirnar séu sameign þjóðarinnar.

Atvinnuréttur þeirra sem vilja stunda útgerð verður að vera til staðar og það má ekki vera hægt að flytja allar aflaheimildir í burtu á einni nóttu ef mönnum sýnist svo og verðfella þar með allt byggðarlagið í leiðinni eins og dæmin hafa sýnt því miður.

Sóknarfæri í fjölbreyttu atvinnulífi hér á Vestfjörðum er vissulega til staðar eins og dæmin sanna en grunnurinn þarf alltaf að vera til staðar svo annað geti byggst upp samhliða og þar má nefna þá miklu grósku í ferðaþjónustu sem er hér á Vestfjörðum og vítt og breytt um landið.

Verkalýðshreyfingin hefur unnið með stjórnvöldum að átaki í að koma fólki af atvinnuleysissskrá á atvinnuleysisbótum inn í framhaldsskólana til að ljúka námi og inn í fyrirtæki með því að halda bótum tímabundið og tel ég það hafa heppnast mjög vel og vera til fyrirmyndar og stór þáttur í að byggja fólk upp til að takast á við lífið þó það missi vinnuna tímabundið.

Einnig má nefna Starfsendurhæfingu sem er studd af aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum og þjálfar þá einstaklinga sem af ýmsum ástæðum hafa dottið út af

vinnumarkaði og þurfa á endurhæfingu að halda til að geta stundað vinnu að nýju.

Allt þetta flokkast undir kjaramál sem skiptir launþegann miklu máli eins og það hversu verðmæt krónan er sem hann væri í budduna hverju sinni.

Að lokum er yfirskrift dagsins Velferðarmál.

Velferðarmálin eru líka eitt stærsta kjaramál launþega.

Þá erum við að tala um heilbrigðismál og alla þá umönnun og þjónustu sem við fáum frá opinberum aðilum frá vöggju til grafar.

Það er stundum talað um að það sé mikil kjarabót falin í því að lækka skatta - en í hvað eiga skattarnir okkar fyrst og fremst að fara í - jú það að byggja upp öflugt velferðarkerfi sem mismunar ekki fólki eftir efnum og aðstæðum og veitir okkur sem besta þjónustu á lágmarks verði. Í dag fara yfir 40 % af skatttekjum ríkisins í heilbrigðismál.

Loforð um skattalækkanir á hátekjufólki skilar sér því um leið í miklu dýrara heilbrigðiskerfi fyrir almenning.

Sem dæmi má nefna að með núverandi þrepaskiptu skattkerfi hafa skattar lækkað á lág og meðaltekjufólk en hækkað á hátekjufólki en því var þveröfugt farið fyrir Hrun þá hækkuðu skattar á lægri launum en lækkuðu á háum og ofurlaunum.

Það má nefna sem dæmi kostnað við „Tannlækningar“
hvernig dýr heilbrigðisþjónusta hefur illilega komið við
budduna hjá launafólki í landinu og margir hafa
hreinlega ekki haft efni á tannlækningum fyrir sig og
börnin sín þar sem ríkið hafði stórlega dregið úr þátttöku
í niðurgreiðslu til fjölda ára.

Það er því mikil kjarabót fyrir barnafjölskyldur í landinu
að það hefur verið ákveðið að taka stórt skref í
niðurgreiðslum á tannlækningum barna og að gera
tannlækningar barn gjaldfrjálsar í áföngum.

Velferðarmál eru í raun eitt helsta kjaramál hvernar
fjölskyldu þegar á heildina er litið hvernig búið er að
öldruðum og öryrkjum hvernig búið er að
barnafjölskyldum með stórauðnum barnabótum.
Hvernig búið er að húseigendum með sérstökum
vaxtabótum.

Hvernig Almannaryggingakerfið tryggir örugga
framfærslu og lægra lyfjaverð allt eru þetta þættir sem
Verkalýðshreyfingin í landinu verður að berjast fyrir og
standa vörð um því annars eru krónutölu hækkanir lítils
virði og færast úr einum vasa í annan um leið og lítið
verður eftir til þess að eiga möguleika á að veita sér og
sínum einhver lífsgæði utan þess bráðnauðsynlegasta.

Við Íslendingar hugsum oft þannig að þetta reddist og kunnum því miður ekki alltaf fótum okkar forráð eins og Hrunið sannaði.

Við höfum með sameiginlegu átaki unnið okkur hratt út úr Kreppunni og því er það gífurlega mikilvægt að varðveita þann árangur og halda áfram að byggja ofan á hann hægt og bítandi og fara ekki á neyslufyllerí á nýjan leik sem engin innistæða er fyrir.

Þó vissulega megi til sannsvegar færa að offjárfestingar og skuldabólan náði ekki eins út til okkar úti á landsbyggðinni svo það er ekki sanngjarnt að ætla landsbyggðinni að niðurgreiða fokdýr húsnæðislán á höfuðborgarsvæðinu eins allt stefnir í.

Vonandi tekst okkur sem þjóð þrátt fyrir allt að byggja hér upp réttlátt þjóðfélag og lærum eitthvað á orsökum og afleiðingum Hrunsins og föllum ekki aftur í gryfju misskiptingar - græðgi og sérhagsmunagæslu sem hér gegnsýrði þjóðfélagið alltof mikið það má bara alls ekki þróast þannig í framtíðinni. „Vítin eru til þess að varast þau“

Við erum rík þjóð af náttúruauðlindum og mannauði og eigum að geta búið vel að öllum okkar þjóðfélagsþegnum og eigum ekki að lýða annað en að allir geti búið við sómasamleg kjör.

Hver einstaklingur skiptir máli og hvert starf skiptir máli og það eru allir mikilvægir í atvinnukeðjunni og mestu máli skiptir að skila starfi sínu af heiðarleika og samvirkusemi - en því var nú ekki til að dreifa hjá því hálaunafólki í landinu sem setti hér allt á hausinn í Hruninu.

Ég óska þess að íslenskt launafólk standi saman í kjarabaráttunni og horfi til sinnar heildarhagsmuna og hvernig þjóðarkökunni verði réttlátt skipt.

En horfi líka til stóru málanna sem skipta okkur sem þjóð miklu máli það að við stöndum vörð um - að allar náttúruauðlindir landsins séu í þjóðareigu og að þjóðin fái af þeim sanngjarnan arð og að við göngum þannig um náttúra Íslands að komandi kynslóðir geti notið hennar og nýtt á sem sjálfbærastan hátt til langrar framtíðar.

Ef okkur auðnast það þá þurfum við ekki að kvíða framtíðinni því sóknarfærin eru mikil hér á Vestfjörðum sem á landinu öllu - sem á að skila sér í góðum líf skjörum landsmanna ef rétt er á málum haldið.

Takk fyrir og til hamingju með daginn.

Lilja Rafney Magnúsdóttir